



Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. október 2018

Efni: Umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007 með síðari breytingum (afnám krónu á móti krónu skerðingar), 54. mál.

Með tölvupósti frá nefndasviði Alþingis, þann 21. september s.l., var Landssamtökum lífeyrissjóða (LL) sent ofangreint mál til umsagnar, 54. mál.

Umrætt málefni hefur mikið verið rætt enda réttlætismál að einstaklingar sjái einhvern hag af því að vinna og afla sér aukins viðurværis eða leggja þá fjármuni fyrir svo sem í lífeyrissparnað. Stjórnvöldum ber því að finna lausn á því málefni sem hér er til umfjöllunar sem snýr fyrst og fremst að því að gera einstaklingum keyft að afla sér aukinnar framfærslu með vinnu og/eða sparnaði.

Eins og ítrekað hefur komið fram í umsögnum LL til nefndasviðs Alþingis þá skiptir miklu að fundin verði framtíðarlausn á samspili greiðslna til öryrkja. Viljum við því með umsögn þessari leggja ríka áherslu á eftirfarandi sem segir í umsögn LL um frumvarp til breytinga á ýmsum lögum vegna fjárlaga 2019, 3. mál.

„Marg ítrekuð framlenging á bráðabirgðaákvæði, 19. gr. frv.

Með 19. gr. frumvarpsins er enn á ný lögð til framlenging á bráðabirgðaákvæði sem ítrekað hefur verið framlengt eða allt frá 1. janúar 2011 en ákvæðið varðar samspil örorkulífeyrisgreiðslna almannatrygginga og lífeyrissjóða. Nú er lagt til í frumvarpinu að ákvæðið verði framlengt um eitt ár. ***LL styðja framlengingu ákvæðisins en vilja sem ítrekað fyrir leggja ríka áherslu á mikilvægi þess að fundin verði framtíðarlausn á víxlverkunum á greiðslum almannatrygginga og lífeyrissjóða. Vilja LL skora á ríkisstjórn í samstarfi við aðila vinnumarkaðar að taka þetta málefni föstum tókum en málið varðar framfærslu viðkvæms hóps í samfélaginu. Tekið skal fram að LL vilja gjarnan eiga faglega aðkomu að þeirri vinnu að móta framtíðarsýn á þennan málaflokk þegar að því kemur.***

Er það von LL að stjórnvöld taki nú mál þetta til sín og finni því ásættanlega lausn.

Virðingarfyllt,

f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða

Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri